

Hvers vegna ættum við að hafa marga háskóla og dreift háskólanám?

Margir dreifðir háskólar

Vífill Karlsson og Magnús B. Jónsson
12/12/2013

EFNISYFIRLIT

1. Samantekt.....	2
2. Inngangur	4
3. Kennslufræðileg og rekstrarleg rök rök fyrir dreifðu háskólanámi.....	5
4. Atvinnuþróun og dreift háskólanám	8
5. Byggðaðþróun	8
6. Menntunarstig	9
7. Önnur atriði/Húsnæðismál.....	9
8. Efnahagsleg áhrif háskóla í Borgarbyggð.....	9
9. Menntasetrið á Hvanneyri í sögulegu ljósi.....	10
Heimildaskrá.....	12

1. SAMANTEKT

Hér á eftir verða dregin saman helstu rök fyrir því mikilvægi að námsframboð á háskólastigi verði ekki einskorðað við einn eða fáa staði á landinu þ.e. fyrir dreifðu háskólanámi. Einblínt er á kosti þess enda hafa margir verið til að draga upp gallana.

Kennslufræðileg og rekstraleg rök fyrir dreifðu háskólanámi.

- Háskóla dreifbýlisins eru svonefndir Kampus-skólar og eru oft eini valkostur um nám fyrir marga. Kampus-skólar stuðla einnig að betri nýtingu vinnustundanna þar sem vegalengdir á milli heimilis og skóla eru í lágmarki og utanaðkomandi áreiti einnig.
- Nálægð skóla örvar skólasókn. Dreift háskólanám stuðlar því að aukinni menntun þjóðarinnar og stuðlar að jöfnu aðgengi að menntun vegna félagslegra aðstæðna.
- Fjöldi skóla og fjarlægð á milli þeirra dregur úr líkum á því að aðilar hafi með sér samráð, eykur því samkeppni og árangur í skólastarfi.
- Litlir óhefðbundnir háskólar eru líklegri til stuðla að hagvexti.
- Dreift háskólanám og fleiri háskólar minnka líkur á „Akademískri“ nærsýni sem getur einkennt jafnvel fjölmennar háskóladeildir og fræðastofnanir. Dreift háskólanám stuðlar því að fjölbreyttu og frjósömu akademísku umhverfi á Íslandi.
- Dreift háskólanám stuðlar að aukinni þátttöku almennings í fjármögnun skólastarfs og samkennd með því.
- Staðbundnir háskólar eru mikilvægar rannsóknarstofnanir og dreift háskólanám stuðlar því að víðtækri þekkingaruppbyggingu í samfélaginu öllu. Meiri líkur eru á því að staðbundin þekking glatist ef skólastarf verður gert miðlægt. Staðbundnir og/eða litlir skólar eru líklegri til að vera í sambandi við atvinnulífið og nærsamfélagið.
- Gott samband við atvinnulíf og nærsamfélag hefur tilhneigingu til að lífga kennsluna með raunhæfum dæmum sem nemendur samsama sig við og stuðlar því að auknum áhuga nemenda og árangri þeirra.
- Starfsfólk og viðskiptavinir stærri rekstrareininga eru yfirleitt óánægðari en þeirra minni.
- Námsárangur smærri skóla ekki verri nema síður sé.
- Minna brotthvarf í minni skólum.
- Kennarar lítilla skóla koma betur fram við nemendur sína og samstarfsmenn.
- Fjarnámstækni dregur úr forskoti stórra skóla hvað varðar námsframboð.

Atvinnuþróun og dreift háskólanám

- Háskólar leggja mikið til þróunar svæða bæði í samfélags-, efnahags- og menningarlegu tilliti. Háskólar hafa alltaf bein og óbein efnahagsleg áhrif með starfsemi sinni þar sem nemendur og starfsmenn leiða til ákveðinna margföldunar-áhrifa sem neytendur og skattgreiðendur.

Áhrif háskóla á byggðaþróun

- Háskólar hafa jákvæð áhrif á mannfjöldaþróun svæða og talið er að staðsetning þeirra geti virkað sem hvati fyrir ungt fólk til að vera um kyrrt eða setjast að heima í héraði.
- Menntunartengd atriði eru ein algengasta ástæða þess að fólk hyggur á brottflutning úr byggðarlagi sínu.

Áhrif háskóla á menntunarstig

- Háskólar hafa áhrif á menntunarstig á svæðum.
- Aðgengi að háskólum hefur áhrif á aðsókn nemenda í háskólanám á svæðavísu.
- Háskólar auka þannig framboð af menntuðu vinnuafli á svæðum.

Önnur atriði/Húsnæðismál

- Óvenjulegar aðstæður eru að skapast á fasteignamarkaði höfuðborgarsvæðisins þar sem húsaleiga hækkar ört þrátt fyrir tregðu í efnahagsstarfseminni.
- Þá gæti verið kostur að hafa háskóla utan höfuðborgarsvæðisins þar sem þessara áhrifa gætir ekki í svo ríkum mæli.

Efnahagsleg áhrif háskóla í Borgarbyggð

- Efnahagsleg áhrif Háskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands eru mjög umtalsverð á nærsamfélagið og þá einkum Borgarbyggð

Hvanneyri í sögulegu ljósi.

- Menntastofnunin á Hvanneyri hefur um fimm aldarfjórðunga skeið verið ein af meginstöðum landbúnaðarmenntunar hérlendis bæði á sviði starfsmenntunar en þó einkum á sviði háskólamenntunar.
- Frumkvæði og nýjungar í menntunarframboði hafa ávallt verið einkenni skólastarfsins og þar má nefna upphaf búvísindanáms hér á landi, upphaf kennslu í skógrækt, landgræðslu og landslagsarkitektúr, nú síðast meistaranám í skipulagsfræðum.
- Áhrifa skólastarfsins á Hvanneyri gætir víða í samfélaginu bæði innan landbúnaðarins og á fjölmörgum sviðum samfélagsins og þá einkum í dreifbýli.

2. INNGANGUR

Mikil umræða hefur verið undanfarið um framtíð háskóla í landinu og margir haft orð á því að hér á landi væru allt of margir háskólar og þar af leiðandi margir þeirra of veikburða. Til þess að efla skólana er nú mikið rætt um að sameina hina minni þeirra í stærri einingar. Þegar það mál er skoðað nánar þá kemur í ljós að sameiningin felur nær einvörðungu í sér að sameina háskóla dreifbýlisins háskólum á höfuðborgarsvæðinu og þar með færa nær alla háskóla-menntun í landinu á einn stað. Háskólar dreifbýlisins, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst og Háskólinn á Hólum hafa um margt sérstöðu meðal háskólasamfélagsins og eru þeir allir atvinnuvegatengdir skólar með námsframboð bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi og sameina þar með fag og fræðamenntun viðkomandi atvinnugreina. Sameining þessara stofnana og þar með óhjákvæmilegur samdráttur í umsvifum þeirra mun hafa margvísleg áhrif og neikvæð áhrif á íslenskt samfélag og þá einkum og sér í lagi hinar dreifðu byggðir landsins.

Hér verður gerð nokkur grein fyrir því hvers vegna ætti að hafa marga háskóla og dreift háskólanám, þætti sem nauðsynlegt er að gaumgæfa áður er ákvarðanir eru teknar um að leggja starfsemi þessara skóla undir aðrar og alls óskyldar stofnanir.

3. KENNSLUFRÆÐILEG OG REKSTRARLEG RÖK RÖK FYRIR DREIFÐU HÁSKÓLANÁMI.

Háskólarnir sem hér um ræðir eru það sem kallast „Kampus-skólar“ þar sem fræðasamfélag, nemendasamfélag og öll félagsleg og búsetuleg umgjörð er samtvinnuð í eina heild. Hér verður vikið að nokkrum þáttum sem gera „Kampus-skóla“ öflugan valkost í háskólanámi.

Nálægð fræðasamfélagsins. Hinn náni samgangur fræðimanna og nemenda er eitt af einkennum Kampus-skóla. Með þessu skapast heildstæð umgjörð og nálægð sem gefur ákveðnum einstaklingum færi á að ljúka háskólanámi sem annars færu eða gætu aldrei klárað það – ekki vegna „heimsku“ sinnar heldur vegna einhverskonar „röskunar“ eða persónueinkenna sem kalla á meira næði (minna áreiti) til einbeitingar við nám og störf. Það er einnig töluvert stór hópur sem þrífst ekki í stóru þéttbýli eða hefur ekki efni á að búa á höfuðborgarsvæðinu. Kampus-skólar eru því oft eini kostur um nám fyrir marga.

Betri nýting vinnutímans. Kampus-skólar stuðla einnig að betri nýtingu vinnustundanna þar sem vegalengdir á milli heimilis og skóla eru í lágmarki og utanaðkomandi áreiti einnig. Þá eru vegalengdir í alla nauðsynlega þjónustu einnig í lágmarki – eitthvað sem borg gæti aldrei boðið. Að þessu leyti má fullyrða að það eru forsendur fyrir því að vinnudagurinn nýtist mun betur og að námsmaðurinn sé betur menntaður en ef hann væri við nám í stórum bæ eða borg.

Nálægð örvar skólagöngu. Töluvert er um nemendur sem eiga þess kost að sækja skóla vegna þess að hann er ekki langt frá heimili nemandans – eins og íbúar Borgarness og Búðardals eru dæmi um. Margar ástæður geta verið fyrir því að nemandi á ekki gott með að færa sig um set til að stunda nám. Viðkomandi gæti verið einstæð móðir eða kona í sambúð með stórt heimili. Margt fleira getur komið til eins og fjárhagslegar og félagslegar ástæður eru dæmi um. Dreift háskólanám stuðlar því að aukinni menntun þjóðarinnar og stuðlar að jöfnu aðgengi að menntun vegna félagslegra aðstæðna.

Samkeppni er nauðsynleg á sviði menntamála sem og í öðrum rekstri. Menntaskólinn í Borgarfirði er gott dæmi um þetta þar sem nýr lítill skóli kennir eftir nýrri hagkvæmari námsleið og hefur því veitt eldri og hefðbundnari skólum ákveðna samkeppni. Þá hefur verið sýnt fram á að ríkisskólar sem eru í samkeppni við einkaskóla skila betra skólustarfi (árangri nemenda) en þeir sem mæta engri samkeppni¹. Hafa skal í huga að samkeppni eykst með fjölgun fyrirtækja á markaði og lítið unnið með fákeppni. Fjöldi skóla og fjarlægð á milli þeirra dregur úr líkum á því að aðilar hafi með sér samráð, auki því samkeppni og árangur í skólustarfi.

Litlir óhefðbundnir háskólar lofa góðu í að skapa fjölbreytni á háskólastigi. Í nýlegu viðtali við Andreas Schleicher sem er einn af helstu menntafrömuðum OECD kemur fram að í endurreisninni eftir kreppuna ættum við færa okkur frá hefðbundnum háskólum yfir í fjölbreytt úrval smærri háskóla – það sé líklegra til stuðla að hagvexti.² Hér er rétt að leggja áherslu á fjölbreytni þar sem það kemur fram í annarri nýlegri rannsókn en hvað stærð háskóla

¹ Hoxby (2002). Bls. 145.

² Schleicher, Andreas (2013).

varðar er það auðvitað þannig að Schleicher gæti hafa verið að hugsa um háskóla sem eru miklu stærri en stærstu háskólar á Íslandi. En hversu mikið stærri eru erlendir háskólar þeim íslensku? Vísbendingar fyrir þessu fundust í nýrri skýrslu OECD³ um menntamál þar sem reiknað var út hversu margir nemendur væru á hvern háskólakennara. Samkvæmt henni eru 11,3 nemendur á hvern háskólakennara á Íslandi á meðan að OECD meðaltalið er í kringum 15. Athygli vekur að Svíþjóð, Noregur, Spánn, Þýskaland og Rússland eru öll með svipað hlutfall og Ísland. Það virðist því ekki gefa tilefni til að smæð skólanna sé óvenju mikil hérlandis.

Akademísk nærsýni getur einkennt jafnvel fjölmennar háskóladeildir. Í skólum og rannsóknarstofnunum hefur oft myndast einsleitur skoðanahópur og hópþrýstingur haft skoðanamyndandi áhrif á nýja starfsmenn sem falla þá í sama farið. Þetta er þekkt fyrirbrigði innan flestra skipulagsheilda en sérstaklega óheppilegt í háskólasamfélaginu þar sem eðlilegast er talið að menntamenn skori hvern annan á hólum í fræðilegum þrætum. Með þeim hætti þjálfar þeir rökfærni sína og skerpa fræðilega þekkingu og vísindin taka framförum. Með fleiri skólum eru minni líkur á akademískri nærsýni og vísindastarf verður meira lifandi og skapandi samfélag. Þá hefur því verið haldið fram að fræðimenn og kennarar í litlum akademíum einangrist faglega. Nú til dags, eftir að fjarskipti efldust til muna er auðveldara að vera í samskiptum við fólk víða í heiminum. Það verður því stöðugt algengara að sérfræðingar séu í erlendu rannsóknasamstarfi fremur en innlendu því sambærileg sérhæfing hvers og eins er ekki til staðar hérlandis. Þá er Ísland mjög áhugavert viðfangsefni innan margra vísindasviða – svo eftirsóknarvert er að vera í samstarfi við íslenska fræðimenn. Þess vegna er hverfandi hættu á því að fræðimenn í litlum akademíum einangrist og dreift háskólanám stuðlar því að fjölbreyttu og frjósömu akademísku umhverfi á Íslandi.

Háskólar í heimahéraði og/eða sérhæfðir skólar eru líklegri til að njóta fjárhagslegs- og félagslegs stuðnings nærsamfélagsins. Dreift háskólanám stuðlar því að aukinni þátttöku almennings í fjármögnun skólustarfs og eykur samkennd með skólustarfinu.

Staðbundin þekking. Staðbundnir háskólar eru líklegri til að taka fyrir rannsóknir á staðbundnum viðfangsefnum og stuðla því að upplýsingaöflun sem annars færi forgörðum. Höfuðstöðvar sjávarútvegs, orkufreks iðnaðar og landbúnaðar ásamt sóknarfærum ferðaþjónustunnar eru í hinum dreifðu byggðum. Þar er því að finna samfélög og atvinnulíf sem vert er að eflist og dafni á sínum eigin forsendum. Staðbundnir háskólar eru því mikilvægar rannsóknarstofnanir og dreift háskólanám stuðlar því að víðtækri þekkingaruppbyggingu í samfélaginu öllu.

Nálægð og smæð skóla efla kennslu. Staðbundnir- og/eða litlir skólar eru líklegri til að vera í sambandi við atvinnulífið eins og sjá má í Bifröst, á Hvanneyri og á Hólum og af þeim sökum munu kennararnir geta skreytt kennslu sína og lífgað með skýrum hagnýtum dæmum úr atvinnulífinu. Verkefni nemenda verða þá oftast en ekki innblásin af þeim reynsluheimi kennara. Þetta hefur síðan jákvæð áhrif út í atvinnulífið og bætir afkomu þess. Mörg dæmi eru í Bifröst, á Hvanneyri og á Hólum að rannsóknir kennara og lengri nemendaverkefni hafi verið gerð í samstarfi við fyrirtæki í næsta nágrenni.

³ OECD. (2013). Bls. 370 og 375.

Eftirfarandi atriði (restin af kafla 3) koma fram í rannsókn Sam Redding og Herbert J. Walberg⁴ á grunn- og framhaldsskólum í fámennum samfélögum Bretlands. Þó svo rekstur háskóla sé frábrugðin rekstri þeirra þá eiga sum atriði ágætlega við.

Af stærðarhagkvæmni. Rannsóknin⁵ nær til grunnskóla og menntaskóla en sumt eftirfarandi atriða á einnig við um háskóla. Hann byrjar á að benda á að stærðarhagkvæmni sé alltaf megin röksemd sameininga skóla á „landsbyggðunum“. Rannsóknir bendi alls ekki til þess með óyggjandi hætti að hún sé til staðar. Greinarhöfundur tekur þó undir að stærðarhagkvæmni hljóti að vera til staðar upp að vissu marki (í fjölda stúdenta) en hverfandi lítil eftir það – vegna þess að þá missi stjórnandinn yfirsýnina og starfseminni er skipt upp í deildir og svið með tilheyrandi fjölgun yfirmanna, boðleiðir verði lengri og tímafrekari, auk þess sem það fer orðið all nokkur tími í að draga alla þessa visku saman í einn yfirmann (skólastjórann). Í þessu sambandi má bæta við niðurstöðum hjá Gold⁶ en þar kom fram að í stærri og mjög deildarskiptum rekstrareiningum er **nýting fjármuna** oft miklu **verri** en hjá smærri rekstrareiningu og **starfsfólkið og viðskiptavinirnir þeirra óánægðari**.

Nú verður ekki að gert lítið úr því að stærðarhagkvæmni getur oft verið mun meiri á háskólastigi en á lægri skólastigum – einkum í hug- og félagsvísindum⁷. Ríkissjóður notfærir sér hana hins vegar ekki þegar hann tilreiknar framlög til háskóla – þar fá allir háskólar sömu tölu á hvern nemanda.

Stærðarhagkvæmni og þróun meðalkostnaðar á háskólastigi hefur þó sannanlega nokkur blæbrigði. Meðalkostnaður er almennt lægri í grunnnámi en á efri stigum háskólanáms. Ákveðnar undantekningar eru frá því þar sem doktorsnám í félagsvísindum er ódýrara en meistaranám. Stærðarhagkvæmni (scope) var rakin til sameiginlegrar nýtingar af deildum, stjórnendum, stoðdeildum, búnaði, þjónustu. Einnig kom í ljós að það er ódýrara að kenna grunnnám, meistaranám og sinna rannsóknum en gera það í sitt hvoru lagi.⁸

Námsárangur smærri skóla. Ekki ein einasta rannsókn bendir til þess að litlir skólar séu verri en stórir skólar þegar horft er til námsárangurs. Í framhaldi af því spyrja höfundar sig af hverju nemendur smærri háskóla standi sig jafnvel betur en sem eru í þeim stærri og draga fram eftirfarandi atriði:

- Þeir nýta sér betur allt stoðefni og viðburði tengdu náminu.
- Þeir eru líklegri til að klára námið (minna brotthvarf).
- Sálfræðilegir þættir útskýra þetta að hluta:
 - Nemendur smærri skóla hafa meiri samkennd (e. belongingness) með skólanum.
 - Betra samband á milli nemenda og kennara.
 - Kennarar smærri skóla koma betur fram við nemendur sína og samstarfsmenn.

Þá kemur fram að árangur sé betri í skólum á fámennari landsvæðum. Það er reyndar tilfellið hérlandis en skýringar höfunda eru hins vega áhugaverðar:

⁴ Redding og Walberg. (2012).

⁵ Redding og Walberg. (2012).

⁶ Gold. (1981).

⁷ Dundar og Lewis. (1995). Bls 142.

⁸ Dundar og Lewis. (1995). Bls 142.

- Góð yfirsýn stjórnenda og skuldbinding við samfélagið.
- Mikill félagsauður.
- Nálægð, sterk tengsl milli íbúanna og skólustarfsmanna.
- Foreldrar nemenda styðja við skólana.
- Kennarar fylgja nemendum sínum eftir utan skólustarfsins.

Fjarnámstækni dregur úr forskoti stórra skóla. Einn af kostum stórra skóla sem dregnir eru fram er að þeir geti boðið upp á fleiri námskeið/námsgreinar (valgreinar), meiri stoðþjónustu (námsráðgjöf ofl.). Hins vegar hefur verið sýnt fram á að tvöföldun nemenda auki fjölda námskeiða eingöngu um 17%. Þess utan er mælt með að menn hverfi aftur til námsgreina sem allir nemendur taki. Auk þess býður fjarnámstækni litlum skólum upp á aukið námsframboð.

4. ATVINNUÞRÓUN OG DREIFT HÁSKÓLANÁM

Almennt er talið að menntun hafi mikið gildi í uppbyggingu hagkerfa og samfélaga. Innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD (Organisation for Economic Cooperation and Development) og Evrópusambandsins á vegum svæðanefndar (The Committee of the Regions) er talið að háskólar leggi mikið til þróunar svæða, bæði í **samfélags-, efnahags- og menningarlegu** tilliti.⁹ Niðurstöður rannsókna leiða í ljós að þessi áhrif háskóla á samfélög geta verið **mjög víðtæk**.¹⁰ Háskólar hafa alltaf bein og óbein efnahagsleg áhrif með starfsemi sinni þar sem nemendur og starfsmenn leiða til ákveðinna **margföldunaráhrifa** sem neytendur og skattgreiðendur. Hversu mikil þessi áhrif eru fer eftir umfangi háskólans í hlutfalli við samfélagið sem hann starfar í. Háskólar geta virkað sem **aðráttarafl á staðsetningu opinberra stofnana og einkafyrirtækja**. Dæmi um þetta er flutningur og stofnun rannsóknastofnana og fræðasetra í nágrenni við háskóla. Háskólar eru taldir verka sem **hvati á stofnun sprotafyrirtækja** (e. Spin-offs). Þessi fyrirtæki eru gjarnan stofnuð af nemendum um framleiðslu á sviði hugbúnaðar og ráðgjafar.

5. BYGGÐAÞRÓUN

Háskólar hafa jákvæð áhrif á mannfjöldapróun svæða og talið er að staðsetning þeirra geti virkað sem **hvati fyrir ungt fólk** til að vera um kyrrt eða setjast að heima í héraði.¹¹

⁹ OECD. (e.d.) og The Committee of the Regions. (2005, 12. október).

¹⁰ Hér er sérstaklega bent á rannsókn sem Jan Evert Nilsson lektor við Tækniháskólann í Bleking í Svíþjóð o.fl. framkvæmdu á hlutverki níu háskóla í svæðisbundnum nýsköpunarkerfum á Norðurlöndunum. Háskólinn á Akureyri var einn af þeim háskólum sem rannsóknin beindist að og sá Ingi Rúnar Eðvarsson um þann hluta. Ennfremur er bent á sænska doktorsrannsókn Maria Wikhall en hún reyndi að meta áhrif staðsetningar háskóla á aðsókn nemenda af viðkomandi svæði, á val á háskóla og á framboð svæðisins af menntuðu vinnuafli.

¹¹ Nilsson et al. (2003). Bls. 155-156. Kolfínna Jóhannesdóttir (2006). Bls. 80. Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir (2012).

Menntunartengd atriði eru ein algengasta ástæða þess að fólk hyggur á brottflutning úr byggðarlagi sínu.¹²

Í nýlegri rannsókn¹³ kom í ljós að atvinnumöguleikar og laun kvenna hafa mikið um vöxt og viðgengi samfélaga utan höfuðborgarsvæðisins að gera. Sé ekkert í boði fyrir þær eða betra annarsstaðar þá flytja þær og karlarnir fylgja í kjölfarið. Þetta á sérstaklega við ungt og einhleyp fólk. Þar sem konur eru nú mun fleiri en karlar í háskólanámi, virðast þær veðja á að menntun skili þeim þeirri velferð sem þær sækjast eftir – enda er arðsemi þeirra af menntun oft meiri en karla. Þá hefur einnig komið fram í mörgum erlendum rannsóknum að konur eru áhættufælnari en karlar. Af þessu þrennu er augljóst að störf við **háskóla henta konum** og eru því **mikilvægt byggðarþróunarmál** þar sem þau ættu að geta veitt stöðugri tekjur en mörg önnur störf og krefjast menntaðs vinnuafls.

6. MENNTUNARSTIG

Háskólar hafa áhrif á menntunarstig á svæðum. Rannsóknir sýna að aðgengi að háskólum hefur áhrif á aðsókn nemenda í háskólanám á svæðavísu. Hærra hlutfall íbúa byrjar í háskólum þar sem aðgengi er mikið. Háskólar **auka þannig framboð af menntuðu vinnuafl** á svæðum. Framboðsáhrif háskóla á vinnuafl eru jafnframt talin veruleg, skýrð útfrá hlutdeild útskrifaðra sem dvelja eftir á svæðinu að brautskráningu lokinni. Eftirspurnaráhrif geta einnig verið mikil en þau tengjast atvinnutækifærum fyrir háskólamenntað vinnuafl. Því stærri vinnustaður sem háskólinn er, í hlutfalli við íbúatölu svæðisins, því meiri áhrif.¹⁴

7. ÖNNUR ATRIÐI/HÚSNÆÐISMÁL

Óvenjulegar aðstæður eru að skapast á fasteignamarkaði höfuðborgarsvæðisins þar sem húsaleiga hækkar ört þrátt fyrir tregðu í efnahagsstarfseminni. Svo virðist sem ör vöxtur í ferðapjónustu hafi fært húseigendum og fjárfestum færi á því að þrefalda eða fjórfalda leiguverðið. Af þeim sökum eiga nemendur erfitt með að keppa á þessum markaði – og er þetta farið að minna örlítið á þegar þorskur sást varla á borðum Íslendinga vegna þess hve gott verð fékkst fyrir hann á erlendum mörkuðum. Þá gæti verið kostur að hafa háskóla utan höfuðborgarsvæðisins þar sem þessara áhrifa gætir ekki í svo ríku mæli.

8. EFNAHAGSLEG ÁHRIF HÁSKÓLA Í BORGARBYGGÐ

Til að meta staðbundin efnahagsleg áhrif háskólanna var framkvæmt mat á margfeldisáhrifum árið 2010. Niðurstöður matsins leiddu í ljós að að efnahagsleg áhrif Háskólans á Bifröst með margfeldisáhrifum eru í kringum 456 m.kr. á ári árlega og áhrif Landbúnaðarháskóla Íslands

¹² Sjá nánari umfjöllun um það í rannsókn Stefáns Ólafssonar (1997), *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*, einnig í Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson (2004), *Háskólanámssetur á Vestfjörðum: Athugun á forsendum og greining á þörf*.

¹³ Vífill Karlsson (2013).

¹⁴ Wikhall. (2001). Bls. 284-287.

509 m.kr. Áhrifin eru því 965 m.kr. vegna skólanna tveggja. Atvinnutekjur í Borgarbyggð voru um 6,9 milljarðar króna árið 2009 og efnahagsleg áhrif skólanna eru því 14% af þeirri tölu. Talan er varlega áætluð út frá tveimur mismunandi líkönum, annarsvegar líkani sem hannað var af Vífli Karlssyni og hinsvegar líkani sem er hannað af Michael F. Bleaney og fjórum öðrum fræðimönnum fyrir háskólann í Nottingham (Bleaney, M. F., Binks, M. R., Greenway, D., Reed, G. V., & Whymes, D. K. (1992). Niðurstöður líkana voru nokkuð mismunandi en stuðst var við Bleaney og félagi.

Til að meta áhrifin var aflað eftirfarandi upplýsinga frá Háskólanum á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri:

- Heildarlaun starfsmanna sem búsettir eru í sveitarfélaginu
- Heildarlaun starfsmanna sem eru búsettir á svæðinu en ekki skráðir
- Heildarútgjöld nemenda á svæðinu
- Aðkeyptar vörur og þjónusta innan svæðis af einstaklingum og lögaðilum búsettum í Borgarbyggð
- Fasteigna og holræsagjöld.
- Fjöldi nemenda í staðnámi og fjarnámi (nemendaígildi)
- Hlutfall af vörum og þjónustu sem háskólarnir kaupa af einstaklingum og lögaðilum búsettum í Borgarbyggð
- Önnur laun starfsmanna en frá háskólunum (styrkir o.þ.h.)

Upplýsingarnar eru fyrir rekstrarárið 2009. Bifröst greiðir 360 m.kr. í laun á ári. Þar af eru 230 m.kr. greidd launþegum með lögheimili í Borgarbyggð. Þá hefur Bifröst og nemendagarðarnir verið að kaupa vörur og þjónustu af einstaklingum og lögaðilum í Borgarbyggð fyrir um 78 m.kr. á ári.

Upplýsingarnar eru fyrir rekstrarárið 2009. LbhÍ greiðir 311 m.kr. í laun á ári. Þar af eru 190 m.kr. greidd launþegum með lögheimili í Borgarbyggð. Þá hefur LbhÍ og nemendagarðarnir verið að kaupa vörur og þjónustu af einstaklingum og lögaðilum í Borgarbyggð fyrir um 162 m.kr. á ári. Inni í þessu mati eru ekki reiknuð áhrif annarra stofnana sem eru á Hvanneyri eingöngu fyrir tilstilli Landbúnaðarháskólans. Þetta eru ýmsar stofnanir á sviði landbúnaðar sem valin hefur verið staður á Hvanneyri. Þess vegna má segja að áhrif séu mun meiri heldur en hér er talið. Þar sem um grófa samantekt er að ræða á þessu stigi verður það látið hjá líða en eingöngu bent á að áhrifin gætu verið til staðar.

Við útreikning þurfti að taka tillit til beinna og óbeinna skatta. Til einföldunar var reiknað með 25,5% virðisaukaskatti og 27% sköttum (útsvari var sleppt vegna þess að það rennur inn í „hagkerfi“ sveitarfélagsins). Önnur jaðaráhrif tekna voru lífeyrissjóður og greiðsla námsláns sem búast má við að flestir starfsmenn háskólanna séu með.

9. MENNTASETRIÐ Á HVANNEYRI Í SÖGULEGU LJÓSI.

Á áratugnum 1880-1890 voru stofnaðir fjórir búnaðarskólar hér á landi. Hinn síðasti á Hvanneyri vorði 1889. Síðan þá hefur Hvanneyri verið eitt af helstu menntasetrum íslensks

landbúnaðar. Í fyrstu var skólinn einvörðungu kennslustofnun á sviði starfsmenntunar í búfræði, en fljótlega var þar hafin tilraunastarfsemi og voru fyrstu tilraunir gerðar þar á fyrstu áratugum síðustu aldar.

Í lok seinni heimstyrjaldar varð mikið blómaskeið í íslensku atvinnulífi og þá vantaði landbúnaðinn sárlega menntaða leiðbeinendur til starfa og árið 1947 var komið á framhaldsnámi í búnaðarfræðum á háskólastigi með stofnun sérstakrar deildar innan skólans, sem mennta skyldi starfsmenn til leiðbeiningastarfa í landbúnaði, svo og annarra sérfræðistarfa í þágu hans. Í kjölfar háskóladeildarinnar efldist og óx þáttur tilrauna og rannsókna við skólann.

Um 1980 var gerð róttæk breyting á hinu almenna búnaðarnámi í kjölfar nýrrar löggjafar um búnaðarfræðslu, er sett var 1978. Nám í bændadeild skólans varð tveggja ára nám og hlutur hins verklega náms var efldur og aukinn. Háskólanámið var styrkt í sessi og fékk sambærilegan sess og annað háskólanám í lífvísindum. Á sama tíma efldist samstarf skólans við systurstofnanir á hinum Norðurlöndum og árið 1995 var formlega stofnsett háskólanetið NOVA sem er samstarfsnet allra norrænu landbúnaðar og dýralæknaskólanna.

Árið 1999 voru samþykkt ný búfræðslulög sem voru rammalöggjöf um alla menntun á sviði landbúnaðar og með þeim var Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri stofnaður, á hálfri aldar afmæli fyrstu brautskráningu búfræðikandídata frá Hvanneyri. Árið 2005 var Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri í Borgarfirði stofnaður og reistur á grunni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins, Reykjum í Ölfusi og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Rala) og tók við öllum þeim verkefnum sem áður höfðu verið á vettvangi þeirra.

Menntastofnunin á Hvanneyri hefur þannig um fimm aldarfjórðunga skeið verið ein af meginstöðum landbúnaðarmenntunar hérlendis bæði á sviði starfsmenntunar en þó einkum á sviði háskólamenntunar. Frumkvæði og nýjungar í menntunarframboði hafa ávallt verið einkenni skólastarfsins og þar má nefna upphaf búvísindanáms hér á landi, upphaf kennslu í landslagsarkitektúr, skógrækt og landgræðslu og nú síðast meistaranám í skipulagsfræðum.

Áhrifa skólastarfsins á Hvanneyri gætir víða í samfélaginu. Þó áhrifa þess gæti mest meðal þeirra sem eru starfandi innan landbúnaðarins, þá hefur það veitt fjölmörgum ungmönnum og þá einkum úr dreifbýli tækifæri til þess að sækja sér menntun og þekkingu á margvíslegum sviðum. Tækifæri sem ef til vill ekki hefði verið unnt að nýta nema fyrir þau verkefni sem Hvanneyri hefur staðið fyrir.

HEIMILDASKRÁ

- Bleaney, M. F., Binks, M. R., Greenway, D., Reed, G. V., & Whymes, D. K. (1992). *What does university add to its local economy*. Applied Economics, 24(3), 305-311.
- Gold, B. (1981, March). Changing perspectives on size, scale, and returns. Journal of Economic Literature, 19, 5–33.
- Hagstofa Íslands. (1994). *Íslensk atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95*, 2. útgáfa. Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt 3. apríl 2006 af <http://hagstofa.is/?PageID=1009>
- Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir (2012) Þróun náms- [og] starfsferils útskrifaðra nemenda úr landbúnaðarháskólum á Íslandi. Hvanneyri: Landbúnaðarháskóli Íslands. MS lokaritgerð.
- Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson. (2004). *Háskólanámssetur á Vestfjörðum: Athugun á forsendum og greining á þörf*. Akureyri: Byggingarannsóknarstofnun Íslands.
- Hoxby, C. (2002) School choice and school accountability (or could school choice be a tide that lift all boats?). Working paper No. 8873. Cambridge, M.A.: National Bureau of Economic Reserach.
- Kolfinna Jóhannesdóttir og Vífill Karlsson (2010) Áhrif af háskólastarfsemi á samfélag og efnahag í Borgarbyggð. Álitsgerð.
- Kolfinna Jóhannesdóttir (2006) Hlutverk háskóla í þróun samfélags: Svæðisbundin áhrif Viðskiptaháskólans á Bifröst. Bifröst: Viðskiptaháskólinn á Bifröst. MS lokaritgerð.
- Nilsson, J. E., Arbo, P., Dahl, M. S. Dahlum, B., Edvardsson, I. R., o.fl. (2003). *The Role of Universities in Regional Innovation Systems: A Nordic Perspective*. Sverige: Karlskrona.
- OECD. (e.d.). *Supporting the contribution of higher education institutions to regional development*. Sótt 8. nóvember 2010 af <http://www.oecd.org/dataoecd/14/61/36309271.pdf>
- OECD. (2013). *Education at a glance 2013: OECD indicators*. Sótt 12. desemeber 2013 af [http://www.oecd.org/edu/eag2013%20\(eng\)--FINAL%2020%20June%202013.pdf](http://www.oecd.org/edu/eag2013%20(eng)--FINAL%2020%20June%202013.pdf)
- Redding, Sam og Walberg, Herbert J. (2012). Promoting Learning in Rural schools. Illinois: Academic Development Institute. Slóð: http://www.centerii.org/survey/downloads/promoting_learning_in_rural_schools.pdf
- Schleicher, Andreas (2013) Bail out universities rather than banks? BBC – News Buisness. Birt 12. Júní 2013: slóð: <http://www.bbc.co.uk/news/business-22756408>
- Stefán Ólafsson. (1997). *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík: Byggingastofnun.

The Committee of the Regions. (2005, 12. október). *Opinion of the Committee of the Regions on the Communication from the Commission: Mobilising the brainpower of Europe: enabling universities to make their full contribution to the Lisbon Strategy*. Sótt 8. nóvember 2010 af <http://eur->

Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir. (2010). Búferlaflutningar kvenna. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Vífill Karlsson (2013) Interregional Migration and Transportation Improvements in Iceland. *International Regional Science Review*, 0, 1-24. Slóð: <http://irx.sagepub.com/content/early/2013/07/24/0160017613496631.abstract>

Wikhall, Maria. (2001) Universiteten och det svenska kompetenslandskapet: Effekter av den högre utbildningens tillväxt och geografiska spridning. Lunds Universitet Akademisk avhandling, Institutionen för Kulturgeografi och ekonomisk geografi.